



## Nokkuð gott jafnvægi að myndast á vinnumarkaði

Í vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 210.200 manns hafi verið á vinnumarkaði í nóvember 2021, sem jafngildir 78,7% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 203.100 starfandi og um 7.100 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 3,4% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 18.900 milli ára í nóvember og atvinnulausum fækkaði um 7.100 á sama tíma. Hlutfall starfandi var 76% í nóvember og hækkaði um 5,8 prósentustig frá nóvember 2020. Allt eru þetta skýr merki um sterkari vinnumarkað.

### Atvinnuþátttaka á uppleið

Atvinnuþátttaka hefur aukist stöðugt á þessu ári og var 78,7% nú í nóvember sem er 3,1 prósentustigum meira en í nóvember í fyrra. Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 78,7% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð stöðugt á þann mælikvarða.




### Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 3,4% í nóvember sem er 3,8 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 4,9% og hafði minnkað um 5,7 prósentustig milli ára.

Sumar niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast mikið eftir mánuðum. Þannig var atvinnuleysi í nóvember 2,7 prósentustigum lægra en í október. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðréttar tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í nóvember 4,2% í stað þeirra 3,4% sem mæld voru í mánuðinum.

### Vinnuaflsnotkun eykst stöðugt eftir langvarandi samdrátt

Starfandi fólki í nóvember fjölgaði um 10,3% miðað við sama tíma í fyrra. Vinnutími styttist um 1,3% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði





um 8,9% milli ára. Þetta er áttundi mánuðurinn í röð sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda, en þeim var tekið að fækka nokkru áður en faraldurinn brast á og tók svo að fjölga aftur í apríl á þessu ári.

### Atvinnuleysi ungs fólks

Á fyrstu þremur ársfjórðungum síðasta árs var meðalatvinnuleysi 6,5%, samkvæmt vinnumarkaðskönnun. Á sama tíma var atvinnuleysi ungs fólks (16-24 ára) 13,3%. Atvinnuleysi ungs fólks er jafnan mun meira heldur en heildarinnar.


Sé staða þessara tveggja hópa skoðuð yfir tíma hvað atvinnuleysi varðar kemur ýmislegt í ljós. Í samanburðinum er notast við fjögurra ársfjórðunga hlaupandi meðaltal til þess að losna við áhrif árstíðasveiflu. Atvinnuleysi yngsta aldurshópsins fór hæst á árinu 2010, minnkaði svo fram til 2018 en jókst síðan fram á þetta ár.

Það er athyglisvert að skoða hversu mikið herra atvinnuleysi ungs fólks er á hinum ýmsu tímabilum. Meðalatvinnuleysi hefur verið 4,8% frá árinu 2003 og atvinnuleysi ungra 13,3%. Atvinnuleysi ungra hefur því að meðaltali verið 2,2 sinnum herra en meðaltalið. Hlutfallið var mjög hátt í upphafi tímabilsins, lækkaði svo fram til ársloka 2016, en tók þá tímabundið stökk upp á við. Miðað við tölur Hagstofunnar hefur hlutfall atvinnuleysis ungra miðað við heildina aldrei verið lægra en á þessu ári þar sem það hefur verið 1,8 sinnum herra en allra.


### Sterkari vinnumarkaður

Tölur síðustu mánaða sýna ótvírætt að vinnumarkaðurinn er óðum að ná fyrri styrk. Þrátt fyrir endurtekin skakkaföll í baráttunni við faraldurinn er samt áfram ástæða til bjartsýni.

### Atvinna og vinnutími



### Atvinnuleysi ungra og allra



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.